

20. gr.

Til breytingar á samþykktum þessum þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi. Breytingin tekur ekki gildi fyrr en hún hefur hlotið staðfestingu ráðherra.

21. gr.

Tryggingarsjóði verður slitið með sömu skilmálum og í 20. gr. greinir.

Við slit sjóðsins rennur hlutdeild hvernar inneignardeildar í séreignarsjóði óskipt til hennar, en að öðru leyti skiptast eignir sjóðsins á milli þeirra innlánsdeilda, sem aðild eiga að sjóðnum, í hlutfalli við það fé sem þær hafa greitt til sjóðsins frá upphafi skv. 3. gr.

22. gr.

Samþykktir þessar, sem eru settar af aðalfundi Tryggingarsjóðs innlánsdeilda, staðfestast hér með skv. 3. tl. 2. gr. a laga um samvinnufélög nr. 22/1991, sbr. lög nr. 84/1993.

Ákvæði til bráðabirgða:

Sérhver innlánsdeild, sem aðild á að Tryggingarsjóði, skal greiða til sjóðsins 1% af heildarinnlánsfé innlánsdeildarinnar 31. desember 1993 eigi síðar en 1. júlí 1994, 0,9% af heildarinnlánsfé deildarinnar 31. desember 1994 eigi síðar en 1. mars 1995, 0,8% af heildarinnlánsfé deildarinnar 31. desember 1995 eigi síðar en 1. mars 1996 og það hlutfall af heildarinnlánsfé deildarinnar sem nægir til þess að ná því 3,5% marki, er greinir í 3. gr., eigi síðar en 1. mars 1997.

Það fé, sem einstakar innlánsdeildir áttu í Tryggingarsjóði 31. desember 1993, rennur í séreignarsjóð og skoðast eign hvernar innlánsdeildar fyrir sig, sbr. 4. gr. Allt fé þeirra innlánsdeilda, sem aðild eiga að sjóðnum og bundið er á reikningum þeirra í Seðlabanka Íslands, skal og flytjast í séreignarsjóð skv. 4. gr. eigi síðar en 1. júlí 1994. Nægi hvort tveggja ekki til að ná því 5% marki, er greinir í 4. gr., skulu deildirnar greiða mismuninn í séreignarsjóðinn eigi síðar en 1. mars 1995. Fari hvort tveggja fram úr 5% markinu er deildunum heimilt að láta mismuninn renna til sjóðsins í samræmi við 1. mgr. þessara bráðabirgðaákvæða og fullnægja þannig skuldbindingum sínum samkvæmt 3. gr., eftir því sem féð hrekkur til.

Viðskiptaráðuneytið, 23. júní 1994.

Sighvatur Björgvinsson.

Porkell Helgason.

REGLUGERÐ**um verðjöfnunargjald af innfluttum landbúnaðarvörum.**

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu verðjöfnunargjald af þeim landbúnaðarvörum, sem falla undir tollskránumer sem upp eru talin í 3. gr., skv. eftirfarandi gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á sem krónur á kíló.

2. gr.

Fjárhæð gjaldanna grundvallast á mismun á innlendu og erlendu viðmiðunarverði eftirfarandi landbúnaðarafurða:

Landbúnaðarhráefni	Innlent viðmiðunarverð kr/kg	Erlent viðmiðunarverð kr/kg
Smjör	275,80	67,92
Mjólkurduft	240,00	77,34
Undanrennumjöl ón.gr.	306,85	59,49
Ostur	450,62	150,25
Nautgripakjöt	487,20	135,53

3. gr.

Fjárhæð gjaldanna eftir tollskrárnúmerum er eftirfarandi:

Tollskrárnúmer	Verðjöfnunargjald kr/kg
0402.1000	163
0403.9004	108
0403.9009	184
0405.0000	253
0406.2000	394
0406.3000	316
0406.9000	240
1602.4900	101

4. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvæmd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu verðjöfnunargjalds skulu ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

5. gr.

Skil á innheimtu verðjöfnunargjaldi skv. reglugerð þessari fer eftir fyrirmælum reglugerðar nr. 530/1975 um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu gjalda skv. 1. gr., enda innihaldi vara engin eða óverulegt magn af hráefnum sem verðjafna á fyrir.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 34/1994 og öðlast gildi 1. júlí 1994.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. júní 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.